

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Jónsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. júní 2011  
Tilvísun: UST20110500038/ksj

### Endurskoðun aðalskipulags Ölfuss 2010 – 2022, lýsing á skipulagstillögu og matslýsing

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 4. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á aðalskipulagstillögu og matslýsingu aðalskipulags Ölfuss 2010 – 2022.

Sveitarfélagið Ölfuss vinnur nú að endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Ölfuss með síðari staðfestum breytingum.

Í lýsingu aðalskipulagstillögunnar kemur fram að helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi eru:

-Breytingar á iðnaðarsvæðum eru helstar, að iðnaðarsvæði á Helligheiði mun stækka vegna hugmynda um stórfellda ylraekt. Iðnaðarsvæði við Þorlákshöfn munu stækka og gert verður ráð fyrir urðunarsvæði á núverandi iðnaðarsvæði Sandi 3. Gert er ráð fyrir að uppland hafnarinnar stækki.

-Gert er ráð fyrir að Suðurlandsvegur verði breikkaður í gegnum allt sveitarfélagið, og gert verður ráð fyrir nýjum Hafnarvegi vegna flutninga vestur á iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar.

-Nokkrar breytingar verða á íbúðabyggð í þéttbýli sem og í dreifbýli. Einnig verða breytingar á á landnotkun vegna tilkomu Suðurstrandavegar. Gert er ráð fyrir að Þorlákshöfnin stækki og verði stórskipahöfn.

-Gert ráð fyrir að golfvöllur stækki, vatnsból bæjarins mun flytjast til innan vatnsverndarsvæðis og svæði undir náttúruvá aðallega flóðasvæði, verða mörkuð betur og gerð grein fyrir varnargörðum.

-Gerð verður grein fyrir afmörkun hættusvæða og gerð verður grein fyrir helstu varnargörðum og verða garðarnir auðkenndir á skipulagssuppdráttum. Bætt verður inn eldri

brunnsvæðum sem þegar eru virkjuð og afmörkuð vatnsverndarsvæði í kring um þau. Opin svæði til sérstakra nota munu stækka og gert er ráð fyrir nýju akstursípróttasvæði vestan Þorlákshafnarveggar.

### Aðrar áætlanir

Í umfjöllun um áætlanir sem eru sem viðmið við aðalskipulagsgerðina kemur fram að markmið er að Ölfusforir verði Ramsarsvæði, og tekur Umhverfisstofnun undir það markmið. Umhverfisstofnun tekur undir önnur markmið er varða náttúru- og dýravernd, sjálfbæra þróun og markmið er lúta að því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

### Upplýsingar um grunnástand umhverfisins.

Umhverfisstofnun bendir á að markmið um uppbyggingu iðnaðarsvæða á Hellisheiði og vestan Þorlákshafnar sem geta haft loftmengun í för með sér, stangast mögulega á við markmið er varða rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ( Ríó 1992).

Í kafla um upplýsingar um grunnástand kemur fram að gengið hafi verið á svæði á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæði við uppbyggingu iðnaðarsvæða á Hellisheiði. Einnig kemur fram að leggja þurfi áherslu á samþættingu verndar og orkunýtingar. Umhverfisstofnun tekur undir þessi áform og bendir á að nútímahraun eru víða á Hellisheiði og aðrar jarðmyndanir sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999, og í áætlunum sé forðast eins og kostur er að þeim verði raskað.

### Umhverfismat áætlunarinnar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að losun brennisteinsvetnis við orkuvinnslu á Hellisheiði og áhrif af losuninni t.d. á gróður verði skoðuð í umhverfismati áætlunarinnar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við Lýsingu og matslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Ölfuss 2010 -2022

Virðingarfyllt

Ólafur A Jónsson  
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun